



HVATARBLAÐIÐ

Svefnlausir brúðguminn :)



Sýnt í
Félags-
heimilinu
Borg
Sjá
auglýsingu
á bls. 15



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorlákssmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



FUNDARGERÐ.

404. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. febrúar 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Jón Örn Ingileifsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Næsti fundur sveitarstjórnar.

1. Hellarannsóknafélag Íslands.

Á fundinn komu Árni B. Stefánsson og Guðmundur Þorsteinsson frá Hellarannsóknafélagi Íslands og sögðu frá lokun hellisins TJO 17 á afréttarlandi Grímsnes- og Grafningshrepps.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. janúar 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. janúar 2017 liggur frammi á fundinum.




Íþróttamiðstöðin Borg

Mánudaga - Fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **Lokað**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11-18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.





**Tökum
að okkur
stór og
smá verk:
jarðvinnu
tætingu
snjómokstur
jarðheflun
& fólksflut-
inga,
6-11 farþega.**

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

LÖGMENN

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 126. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. janúar 2017.

Mál nr. 8, 9, 10, 11 og 21 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 126. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 26. janúar 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: 1701032 - Nesjar lnr. 170901: Réttarháls 2: Breytt stærð og skráning lóðar.

Fyrir liggur umsókn eigenda jarðarinnar Nesja, dags. 16. janúar 2017 um breytingu á stærð lóðarinnar Nesjar 170901. Lóðin er í fasteignaskrá skráð 1.000 m² en er skv. meðfylgjandi lóðablaði 2.582 m². Lóðin mun þá einnig fá heitið Réttarháls 2. Þar sem fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við breytta afmörkun og stærð lóðarinnar.

Mál nr. 9: 1701054 - Árvegur 44 lnr 224430: Breytt staðsetning á byggingarreit: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Árvegur 44 úr landi Kringlu um breytingu á deiliskipulagi sem felst í að byggingarreitur lóðarinnar breytist þannig að hann verði 100 m frá Brúará. Er beiðnin í samræmi við sambærilega breytingu sem gerð var á lóðum við sama veg. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir samhljóða breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 10: 1701052 - Árvegur 44 lnr 224430: Breyting á þakhalla: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Árvegur 44, dags. 19. janúar 2017 um að heimilt verði að byggja hús á lóðinni með minni þakhalla (7 gráður) en gildandi skipulag gerir ráð fyrir, þ.e. 14-60 gráður. Að mati sveitarstjórnar er breytingin óveruleg og samþykkir samhljóða að þakhalli verði á bilinu 0-60 gráður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir öðrum lóðarhöfum á svæðinu.

Mál nr. 11: 1701041 - Kerið 1 lnr 172724:
Stækkun bílastæðasvæðis: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn Kerfélagsins ehf., dags. 17. janúar 2017 um framkvæmdaleyfi fyrir stækkun bílastæðis við Kerið í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt. Sveitarstjórn telur að áður en farið er í frekari framkvæmdir á svæðinu þurfi að liggja fyrir heildarskipulag af svæðinu. Fyrir liggur að framkvæmdir við stækkun bílastæðisins eru hafnar án leyfis þó svo að forsendur fyrir slíkri framkvæmd sé umsögn Umhverfisstofnunar þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá.

Mál nr. 21: 1701003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-46.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. janúar 2017.

- b) **Fundargerð 12. fundar stjórnar Brunavarna Árnessýslu, 17. janúar 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) **Fundargerð 2. fundar starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu, 16. janúar 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. **Bréf frá leikskóladeild Kerhólsskóla þar sem sveitarstjórn er boðið í heimsókn þann 6. febrúar n.k. á degi leikskólans.**

Fyrir liggur bréf frá forsvarsmönnum leikskóladeildar Kerhólsskóla, dagsett 24. janúar 2017 þar sem sveitarstjórn er boðið í heimsókn þann 6. febrúar n.k. á degi leikskólans. Boðsbréfið lagt fram til kynningar.

5. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps

verður haldinn á Björk

Priðjudaginn 21. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffiveitingar.
3. Önnur mál.



Stjórnin

Saumakompan Kringlu Grímsnesi



Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



ÁRTANGI

Opið er alla virka daga frá 10-16
eða eftir samkomulagi.
Sími 669-0108.

Breytingar í Laugarási.

Hjá okkur í Laugarási hafa orðið nokkrar breytingar. Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir. Aðrir læknar koma að, eins og hefur verið undanfarið. Þórður hefur hafið störf á Selfossi og verður ekki fast hjá okkur lengur.

1. apríl munu verða nokkrar breytingar hjá okkur, við byrjum fyrr á morgnana og hættum fyrr. Opnunartími verður frá 8 til 16. Fyrsti læknatíminn mun verða kl. 8:20 símatímarnir 2 á sömu tímum og áður kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30
2. Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til kl. 11, nauðsynlegt er að vera fastandi fyrir blóðprufur, það er meira að marka niðurstöðurnar.
3. Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8-9 í síma 432 2020

Kær kveðja, Anna Ipsen
Hjúkrunarstjóri
HSU Laugarási.



Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 25. janúar 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn mælir ekki með að rekstur minniháttar gistiheimila sé starfrækt í skipulagðri fristundabyggð.

6. **Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti þar sem óskað er eftir athugasemdum og/eða umsögn við drögum að nýrri reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit.**

Fyrir liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsett 19. janúar 2017 þar sem óskað er eftir athugasemdum og/eða umsögn við drögum að nýrri reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við reglugerðar-drögin.

7. **Tölvupóstur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga með áætlun um að kurluðu dekkjagúmmi verði skipt út fyrir hættuminni efni á leik- og íþróttavöllum.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Vali Rafni Halldórssyni sérfræðingi á rekstrar- og útgáfusviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. janúar 2017 þar sem sagt er frá því að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi gefið út áætlun um að kurluðu dekkjagúmmi verði skipt út fyrir hættuminni efni á leik- og íþróttavöllum. Jafnframt er lögð fram áætlunin, tillaga og skilagrein starfshóps sem vann að áætluninni. Lagt fram til kynningar.

8. **Afrit af bréfi Björns Jónssonar hrl. til Creditinfo ehf. vegna fyrirhugaðrar skráningar á vanskilaskrá vegna fasteignagjalda á Undirhlíð 36, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Birni Jónssyni hrl. til Creditinfo ehf., dagsett 20. janúar 2017 vegna fyrirhugaðrar skráningar á vanskilaskrá vegna fasteignagjalda á Undirhlíð 36, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. **Snjómokstur.**

Sveitarstjórn beinir því til Vegagerðarinnar að verktakar fari eftir útboðsreglum við snjómokstur á Biskupstungnabraut og Sólheimahring. Í ljósi umferðaröryggis er nauðsynlegt að þessu sé vel sinnt.

10. Laun sveitarstjórnar.

Á fundi sveitarstjórnar þann 23. nóvember s.l. samþykkti sveitarstjórn samhljóða að laun sveitarstjórnar yrðu óbreytt, þ.e. frá 1. júní 2016 þar til Alþingi Íslands hefur fjallað um úrskurð Kjararáðs. Ljóst er að Alþingi muni ekki breyta niðurstöðu Kjararáðs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar verði 65.000 kr. á mánuði og að launin verði tengd launavísitölu Hagstofu Íslands til hækkunar um hver áramót.

11. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Á fundinn kom Pétur H. Jónsson, skipulagsarkitekt og fór yfir stöðu mála á endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vinnufundur sveitarstjórnar vegna endurskoðunar aðalskipulags verði miðvikudaginn 15. febrúar n.k. kl. 13:00.

12. Önnur mál.

a) Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar þann 15. febrúar n.k. hefjist kl. 11:00 í stað 9:00.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 252. stjórnarfundar 19.01 2017.
- ✓ Fundargerð 179. fundar fagraðs
Tónlistarskóla Árnesinga, 24. janúar 2017.
- ✓ U.M.F. Hvöt, ársreikningur 2015.
- ✓ Íþróttafélagið Gnýr, ársskýrsla um leikjanámskeið sumarið 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15

FLOKKUN

Stórt skref í umhverfisvernd

Tunna með gráu loki: Í þessa tunnu skal setja óflokkaðan úrgang sem fer til urðunar.

Tunna með bláu loki: Í þessa tunnu má setja öll blöð og tímarit, skrifstofupappír, sléttan pappi, bylgjupappi og fernur. Fernur þarf að tæma og skola vel með vatni áður en þær eru settar í tunnuna. Allt efnið er sett laust í tunnuna án poka.

Tunna með grænu loki: Í þessa tunnu má setja allar plastumbúðir, svo sem plastpoka, plastdósir og plastbrúsa. Matarlát þarf að skola með vatni.

Allt efnið er sett laust í tunnuna. Glerlát má alls ekki setja í þessa tunnu vegna slysaðættu við flokkun.



Almennt sorp

- Serviettur • Límiðar
- Lyfjaspjöld ál/plast • Einnota hanskar • Gúmmihanskar
- Pennar • Kveikjarar • Óhreinar umbúðir, matarbakkar og óskolaðar fernur • Tyggjó Dósir • Geisladiskar



Pappír og pappi

- Dagblöð og tímarit • Umslög og gluggaumslög • Skrifstofupappír • Bæklingar • Hreinar mjólkur-fernur • Bylgjupappi
- Gjafapappír • Eggjabakkar
- Sléttur pappír s.s. morgunkornspakkar



Plastumbúðir

- Plastpokar • Plastbrúsa s.s. hreinsiefni • Plastdósir s.s. skyr, ís, smurostur • Plastfilma glær og lituð
- Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti • Plastbakkar • Plastbrúsa undan sjampó og sósum • Frauð-plastumbúðir • Pokar utan af snakki

Losun: Í söfnunarbíl sem notaður verður við losun tunnanna er hægt að halda tveimur efnisflokkum aðgreindum. Tunna með gráu loki undir óflokkaðan úrgang verður losuð á þriggja vikna fresti. Tunna með bláu loki undir pappír og tunna með grænu loki undir plast verða losaðar á sex vikna fresti. Losun þeirra verður ætíð um leið og tunnan með gráu loki er losuð.



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum,
ball, afmæli eða annar mannfagnaður.

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma **776-0810**

Kv. Dóri

Aðalfundur Hrossaræktardeildar Goða

Verður haldinn í kaffistofunni í Miðengi
fimmtudaginn 16. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál



Stjórnin



FUNDARGERÐ.

405. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 15. febrúar 2017 kl. 11.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. febrúar 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. febrúar 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 58. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. janúar 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) **Fundargerð 127. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. febrúar 2017.**

Mál nr. 12, 13, 14, 15, 22 og 23 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 127. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 9. febrúar 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 12: 1701063 - Tjarnholtsmýri 1-15 (oddátölur):
Bjarnastaðir 1: Breytt notkun lóða: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur umsókn, dags. 26. janúar 2017 um breytingu á deiliskipulagi svæðis sem kallast Tjarnholtsmýri úr landi Bjarnastaða. Óskað er eftir að lóðirnar verði skilgreindar sem smábýli í stað þess að vera frístundahúsalóðir en flestar lóðirnar eru um 10 ha og þær minnstu um 2,5 ha. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Þá er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 300 m² íbúðarhús, allt að 100 m² bílageymslu/aðstöðuhús og allt að 200 m² hesthús. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að hverfi smábýla skuli skilgreina sem íbúðarsvæði og telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingu á aðalskipulagi svæðisins áður en deiliskipulaginu er breytt.

**Mál nr. 13: 1610029 - Þórs-, Óðins- og Herjólfsstígur:
Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.**

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða við Þórsstíg, Herjólfsstíg og Óðinsstíg í landi Ásgarðs. Tillagan var kynnt með bréfi, dags. 28. nóvember 2016 með athugasemdafresti til 10. janúar 2017. Athugasemdabréf bárust frá eigendum þriggja lóða þar sem því er m.a. mótmælt að verið sé að minnka lóðir án bóta.

Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að fara yfir málið með lögfræðingi sveitarfélagsins.

**Mál nr. 14: 1611047 - Kóningsvegur 21 lnr 169352, Kóningsvegur 21A lnr 220186 og Farbraut 5 lnr 169393:
Breytt deiliskipulag: Fyrirspurn.**

Fyrir liggur að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem varðar Kóningsveg 21 og 21a og Farbraut 5 úr landi Norðurkots. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi, dags. 29. desember 2016 með athugasemdafrest til 27. janúar 2017. Athugasemd barst frá eigendum lóðarinnar við Kóningsveg 21. Sveitarstjórn hafnar breytingu á deiliskipulagi í ljósi innkominna athugasemda.



Minnum á styrk til framhaldsskólanema



*Eins og undanfarin ár mun Grímsnes–
og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum
16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir
grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-*

*Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um
að senda vottorð um skólavist fyrir vorönn 2017
sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.*

*Hægt er að senda staðfestingu á
netfangið stina@gogg.is*



STARFSFÓLK ÓSKAST

Starfsfólk óskast til starfa við Íþróttamiðstöðina Borg.

Vantar starfsmann í sumarstarf í 100% stöðu

Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns

Íþróttamiðstöðvarinnar á Borg.

Umsóknarfrestur er til **10. apríl 2017**

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir

Netfang: sundlaug@gogg.is

eða í síma 899-8841 og 480-5530



Unglingavinna



Auglýst er eftir unglingum
14 til 16 ára (8.—10. bekkur)
í vinnuskóla sveitarfélagsins. frá
12. júní til og með 21. júlí 2017



Tekið er á móti skráningu á
Skrifstofu sveitarfélagsins
eða í síma 480-5500
til 20. apríl n.k.



Sveitarstjóri



**Skrifstofa Grímsnes– og Grafningshrepps
er opin máudaga - föstudaga
frá kl: 8:00 - 15:00**

www.gogg.is

Prófaðu að auglýsa **frítt** í Hvatarblaðinu.

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Hvatarblaðið er á gogg.is

Mál nr. 15: 1701067 - Hagi 2 lnr 168246: Hagi 2 vélageymsla: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Kjartans Helgasonar, dags. 21. janúar 2017 um stofnun 295,7 m² lóðar utan um véla- og verkfærageymslu úr landi Haga 2 lnr. 168246. Meðfylgjandi er lóðablað sem sýnir afmörkun lóðarinnar auk samþykkis meðeigenda. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Hörður Óli Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 22: 1702011 - Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi Ölfuss: Hveradalir, Raufarhólshellir og Innstidalur Umsagnarbeiðni.

Lagðar fram til kynningar skipulagsáætlanir sem auglýstar hafa verið af Sveitarfélaginu Ölfus nýlega og sendar Skipulags- og byggingarfulltrúaembættinu til kynningar. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag sem nær yfir land Skíðaskálans í Hveradölum, breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag sem nær til svæðis við Raufarhólshelli og að lokum lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna afbreytingar og ferðamannasvæðis í Innstadal. Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 23: 1701005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-47.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar 2017.

c) Fundargerð 28. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 20. janúar 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Samningur um innheimtu.

Fyrir liggja drög að nýjum samningi um innheimtuþjónustu við innheimtu fyrirtækin Motus ehf. og Lögheimtuna ehf. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi á grundvelli fyrirbyggjandi draga.

4. **Ársreikningur Laugarárlæknishéraðs.**

Fyrir liggur ársreikningur 2016 fyrir Laugarárlæknishérað. Sveitarstjórn staðfestir ársreikninginn.

5. **Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 10. febrúar 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

6. **Bréf frá Ástriði Jóhannesdóttur, sviðsstjóra Þjóðskrár Íslands vegna endurmats á vatnsréttindum við Sogið og jarðhitahlunnindum Nesjavalla.**

Fyrir liggur bréf frá Ástriði Jóhannesdóttur sviðsstjóra Þjóðskrár Íslands, dagsett 2. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir frekari upplýsingum vegna beiðni sveitarstjórnar um endurmat á vatnsréttindum við Sogið og jarðhitahlunnindum Nesjavalla. Sveitarstjóra og oddvita falið að afla frekari gagna og senda til Þjóðskrár Íslands.

7. **Afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eiganda Hæðarbrúnar þar sem tilkynnt er um afturköllun fyrri ákvörðunar um niðurfellingu Hæðarbrúarveggar nr. 3804 af vegaskrá.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 19. desember 2016 til eigenda Hæðarbrúnar þar sem tilkynnt er um afturköllun á niðurfellingu Hæðarbrúarveggar nr. 3804 af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. **Afrit af bréfi frá Vegagerðinni til eigenda Eyvíkur 2 þar sem tilkynnt er um afturköllun fyrri ákvörðunar um niðurfellingu Eyvíkurveggar nr. 3767 af vegaskrá.**

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 19. desember 2016 til eigenda Eyvíkur 2 þar sem tilkynnt er um afturköllun á niðurfellingu Eyvíkurveggar nr. 3767 af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

Leikfélagið Borg
sýnir gamanleikinn

Svefnlausir Brúðguminn

Höf: Arnold og Back
í þýðingu Sverris Haraldssonar

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon



6. sýning	fimmtud.	2. mars	kl. 20:00
7. sýning	fimmtud.	9. mars	kl. 20:00
8. sýning	föstud.	10. mars	kl. 20:00
9. sýning	sunnud.	12. mars	kl. 16:00
10. sýning	fimmtud.	16. mars	kl. 20:00
Lokasýning	föstud.	17. mars	kl. 20:00

Sýnt í Félagsheimilinu Borg, Grímsnesi

Miðaverð: Fullorðnir 2.000, grunnskólabörn 1.000,
fritt fyrir börn á leikskólaaldri.

Miðapantanir í síma 771-4465



Fylgist með okkur á facebook

Afmælistónleikar Karla-kórs Hreppamanna

Árið er 1997, og ekki þótti mega dragast lengur að stofna karla-kór í uppsveitum Árnassýslu. Boðað var til fundar um stofnunina 1. apríl. Á þriðja tug karla mætti og söngstjórinn Edit, alls óhrædd við dagsetninguna - og það var ekki aftur snúið. Æfingum var ekki sinnt með hangandi hendi því strax 30. apríl söng kórinn nokkur lög á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði. Síðan hefur ekkert lát verið á söng kórsins eða þátttöku karla í honum, árin hafa hlaðist upp og brátt verður kórinn tuttugu ára. Edit Molnár hefur verið stjórnandi hans frá upphafi og Miklós Dalmay píanóleikari og hafa bæði reynst kórnum mesti happafengur. Nú á afmælisári eru kórfélagar 57 talsins og koma úr flestum sveitum Árnassýslu að Selfossi meðtöldu. Þessi sveit ætlar í tilefni tví-tugsafmælisins að halda þrenna tónleika á næstunni og fá til liðs við sig þrjá karla-kóra enda mega herlegheitin ekki vera minni.

- Afmælistónleikar kórsins hinir fyrstu verða 1. apríl næstkomandi klukkan 16.00 í íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum. Karla-kórinn Fóstbræður er boðinn velkominn til þátttöku í þeim tónleikum.
- Næstu tónleikar verða í Selfosskirkju 3. apríl klukkan 20.00 og þar ætlar Karla-kór Selfoss að gera kórnum þann heiður að syngja með.
- Hinir síðustu verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 5. apríl klukkan 20.00. Heimamenn í karla-kórnum Þröstum koma þar til liðs við afmælistónleikinn.

Dagskrá Karla-kórs Hreppamanna á tónleikunum samanstendur af úrvali laga frá tuttugu ára ferli hans. Er það von kórsins að sem flestir komi á tónleikana og samfagni með því að hlýða á tímamótasöng.



9. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. vegna aðalfundar Lánasjóðsins þann 24. mars n.k.

Fyrir liggur bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., dagsett 10. febrúar 2017 þar sem tilgreint er að aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. verði haldinn þann 24. mars n.k. og óskað eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins. Samþykkt er að Gunnar Þorgeirsson, oddviti verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum og Ingibjörg Harðardóttir til vara.

10. Bréf frá Mennta- og menningarráðuneytinu vegna innleiðingar á nýjum námsmatskvarða við lok grunnskóla.

Fyrir liggur bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dagsett 7. febrúar 2017 þar sem áréttað er að frá og með vori 2017 skulu allir grunnskólar með 10. bekk hafa lokið innleiðingu á nýjum námsmatskvarða A – D við lok 10. bekkjar grunnskóla. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Þorgeiri Pálssyni framkvæmdastjóra Thorp ehf. þar sem boðin er aðstoð við stefnumótun í ferðaþjónustu.

Fyrir liggur bréf frá Þorgeiri Pálssyni framkvæmdastjóra Thorp ehf. þar sem boðin er aðstoð við stefnumótun í ferðaþjónustu sem byggir á vinnufundum, greiningu, mótun stefnu og mótun aðgerða. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál.

Oddviti og sveitarstjóra falið að vinna að umsögn um málið og senda til sveitarstjórnar til staðfestingar.

13. Tölvupóstur frá Innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar við drögum að reglugerð um útlendingamál.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 6. febrúar 2017 þar sem óskað er umsagnar við drögum að reglugerð um útlendingamál. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við reglugerðardrögin.

14. Tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus vegna breytinga á aðalskipulagi Ölfuss.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Sigurði Ó. Jónssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 2. febrúar 2017 þar sem kynnt er breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem nær yfir land Skíðaskálans í Hveradölum, breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem nær til svæðis við Raufarhólshelli og að lokum lýsing aðalskipulagsbreytingar vegna afþreyingar og ferðamannasvæðis í Innstadal. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi breytingar.

15. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Málinu frestað til næsta fundar.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 177. stjórnarfundar 03.02 2017.
- ✓ SASS. Fundargerð 516. stjórnarfundar 03.02 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 846. stjórnarfundar, 27.01 2017.
- ✓ Tölvupóstur frá Jóni A. Bergsveinssyni kynningarfulltrúa UMFÍ, dags. 07.02 2017 þar sem kynntur er umsóknarfrestur til að halda 23. Unglingalandsmót UMFÍ 2020 og 9. Landsmót UMFÍ 50+ 2019.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00



Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi


Laugardaginn 27. maí 2017

verður viðburðurinn **Borg í sveit :)**
haldinn í þriðja sinn.

Þennan dag munu fyrirtæki, bændur og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn.

Áætlað er að dagskráin sé frá kl. 11-16 en hafi fólk áhuga á að hafa opið lengur eða vera með tilboð lengur þá er það einnig velkomið.
Það geta allir verið með.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt til þess að hafa samband við Steinar í síma 691-6513 eða í gegnum tölvupóst á netfangið steinar@gogg.is fyrir 15. apríl.



**Kveðja Atvinnumálanefnd
Grímsnes- og Grafningshrepps**